

**Ed.**

**26. Nefndarálit**

[8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er stefnt að 2% hækkun sköluskatts. Hér er að sjálfsögðu um varanlega ráðstöfun að ræða, enda óhægt um vik að hækka eða lækka söluskattsprósentu eftir því hvernig á stendur hverju sinni, og má því ganga út frá því sem vísu, að þessi hækkun söluskattsins standi til frambúðar, en á ársgrundvelli veitir þessi skattaaukning a. m. k. 1800 millj. kr. viðbótartekjur í ríkissjóð miðað við núverandi verðlag.

Það hlýtur því að vekja furðu hvernig þessi mikla viðbótarskattheimta er rökstudd í grg. frumvarpsins. Þar er engin grein gerð fyrir tekjubörf ríkissjóðs á ársgrundvelli, en einungis vísað til þess að ríkissjóður þurfi nú fjármagn til sérstakra, tímabundinna þarfa. Eru þar einkum nefndar þrjár ástæður: **niðurgreiðslur landbúnaðarafurða**, sem þó liggur ekkert fyrir um hve miklar verða til næstu áramóta en yfirlýst er að eiga að lækka verulega, **fjárhagur Vegasjóðs og rekstrartap Rafmagnsveitna ríkisins**. Þar sem stefnt er að því að hækka verðjöfnunargjald af raforku og auka verulega tekjur Vegasjóðs af umferðinni, er ljóst að söluskattsaukningin á ekki að renna til þessara þarfa nema rétt til bráðabirgða. Þessi mikla viðbótarskattheimta sem **varanlegur** tekjustofn fyrir ríkissjóð er því órökstudd með öllu.

Greiðslustaða ríkissjóðs mun vera erfið um þessar mundir og er því vafalaust óhjákvæmilegt að ráðstafanir séu gerðar til að fylla í skarðið. Rétt er að hafa í huga, að gengisbreytingin mun hafa í för með sér talsvert meiri tekjur en gjöld fyrir ríkissjóð. Einnig væri eðlilegt, að reynt yrði að draga nokkuð úr ríkisútgjöldum og skjóta framkvæmdum á frest. Ef talið er óhjákvæmilegt að auka skattlagningu er sjálf-sagt og eðlilegt, eins og á stendur, að þar verði ekki um að ræða skatt á almennar neysluvörur, heldur fremur á einhverja tegund eyðslu, sem flokkast getur til munaðar. Eins væri eðlilegt, að reynt væri að skattleggja þann mikla verðbólgugróða, sem nú fellur til í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr.

Hitt er fráleitt með öllu að hækka allt verðlag í landinu með söluskattsaukningu vegna tímabundinna erfiðleika ríkissjóðs. Þar að auki liggur ekkert fyrir um það hvernig láglaunafólki verði bætt þessi kjararýnun. Þessi hækkun söluskattsins er ekki aðeins órökstudd með öllu frá sjónarmiði ríkisfjármála á árinu 1975 og óskynsamleg frá efnahagslegu sjónarmiði, heldur beinlínis til þess fallin að auka þann vanda, sem við er að eiga í efnahags- og kjaramálum. Þess vegna legg ég til að frumvarpið verði fellt.

Ragnar Arnalds.

Alþingi, 2. sept. 1974.